

Miðvikudaginn 4. marz 1970.

Nr. 135/1969. **The Belfast Ropework Company Ltd.**

(Haukur Jónsson hrl.)

gegn

Kristjáni Guðlaugssyni

(Hjörtur Torfason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gízur Bergsteinsson og Gunnar Thoroddsen og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1969. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu enskra sterlingspunda 2.103-5-0 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja hinn 5. desember 1955 var bæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar dæmdur til að greiða stefnda f. h. afrýjanda £ 2.103-5-0 ásamt vöxtum og málskostnaði gegn afhendingu tiltekinna botnvörpuhluta. Í máli því, sem hér er flutt fyrir Hæstarétti, er stefndi sóttur persónulega til að greiða andvirði varanna samkvæmt héraðsdóminum skilyrðislaust. Ekkert er leitt í ljós um ásigkomulag þeirra. Er kröfugerð svo ófullkomin og málið svo vanreifað, að eigi verður dómur á það lagður. Þykir því verða að ómerkja héraðsdóminn og alla málsmeðferðina og vísa málinu frá héraðsdómi. Eins og málinu er háttað, var og rétt, að héraðsdómur kveddi til sérfróða menn til að dæma það með sér, sbr. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir héraðsdómi eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i**Magnúsar P. Torfasonar prófessors.**

Af málf lutningi aðilja má ráða, að kröfur áfrýjanda á hendur stefnda séu reistar á því, að við innheimtu dómkröfu þeirrar, sem í atkvæði meiri hluta dómenda greinir, hafi stefndi eigi farið svo að í lögmannsstörfum fyrir áfrýjanda sem skylt hafi verið. Að svo vöxnu máli verður að telja, að ekki hafi verið nauðsynlegt fyrir héraðsdómara að kveðja sérfróða samdómendur til að dæma um sakarefnið ásamt sér samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936. Hins vegar fellst ég á, að málatilbúnaður sé ekki svo skýr sem skyldi, og er því samþykktur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur fyrir hönd firmans The Belfast Ropework Company Ltd., Belfast, Norður-Írlandi, á hendur Kristjáni Guðlaugssyni hæstaréttarlögmanni, Sóleyjargötu 53 hér í borg, til greiðslu á £ 2.103-5-0 auk 6% ársvaxta frá 1. júní 1951 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1955 fól fyrirtækið V. Sigurðsson & Snæbjörnsson h/f hér í borg lögmannsskrifstofu stefnda til innheimtu kröfu stefnanda, The Belfast Ropework Company Ltd., á hendur Bæjarútgerð Vestmannaeyja að fjárhæð £ 2.103-5-0. Er fyrirtækið V. Sigurðsson & Snæbjörnsson h/f umboðsaðili The Belfast Ropework Company Ltd. hér á landi. Hafði krafa þessi stofnast vegna kaupa Bæjarútgerðar Vestmannaeyja

á botnvörpunetjum á árinu 1951. Höfðaði stefndi síðan mál til heimtu kröfunnar, og gekk dómur í því í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja hinn 5. desember 1955. Varð dómsniðurstaða sú, að Bæjarsjóður Vestmannaeyjakaupstaðar var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Belfast Ropework Company Ltd. £ 2.103-5-0 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað gegn afhendingu vara þeirra, sem fjallað var um í málinu. Bæjarsjóður Vestmannaeyja innti nú af höndum greiðslur til stefnda á árunum 1956 og 1957 og fyrri hluta árs 1958, samtals að fjárhæð kr. 95.000.00. Það er ágreiningslaust, að það hafi svo verið hinn 23. apríl 1958, þótt í yfirlitsreikningi komi fram, að það hafi verið á árinu 1957, sem bæjarsjóður Vestmannaeyja sendi stefnda kr. 57.357.79, sem fram kemur, að fyrirsvarsmenn bæjarsjóðsins töldu vera lokagreiðslu á dóm-skuldinni. Á þessum tíma var sölugengi sterlingspunds, miðað við íslenskar krónur, 45.70. Með lögum nr. 133 frá 29. maí 1958 var yfirfærslugjald samkvæmt lögum nr. 26 frá 22. desember 1958 hækkað. Samkvæmt yfirlýsingu Seðlabanka Íslands féllu gjald-eyrissölur og yfirfærslur við gjaldeyrisbankana niður frá og með 13. maí til 30. maí 1958, en sala gjaldeyris hófst síðan að nýju frá og með 30. maí 1958 með þeim breytingum, sem leiddi af lögum um útflutningssjóð o. fl. nr. 33 frá 29. maí 1958. Samkvæmt yfirlýsingunni munu þó óumflýjanlegar og nauðsynlegar gjaldeyrisölur og yfirfærslur hafa farið fram á tímabilinu 13.—30. maí gegn fyrirvara og greiðslu tilskilinnar deponeringar.

Hinn 28. nóvember 1960 ritaði fyrirsvarsmaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f stefnda bréf, og er það svohljóðandi:

„INNHEIMTA v/The Belfast Ropework Co., Ltd.,
BELFAST, N.-Írlandi.

£ 2103-5-0 d á Bæjarútgerð Vestm.eyja.

Sem umboðsmenn The Belfast Ropework Co. Ltd. fólum við yður ofangreinda innheimtu.

5. desember 1955 var Bæjarútgerðin dæmd til þess að greiða upphæðina ásamt 6% vöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags gegn afhendingu netja, er pöntuð voru af þeim og enn liggja úti í Belfast.

Þrátt fyrir fjölmörg samtöl við yður og starfsmenn yðar út af þessari innheimtu, hafið þjer ekki innt neina greiðslu af hendi til Belfast verksmiðjunnar, sem krefst nú án frekari dráttar fullrar greiðslu á höfuðstól og vöxtum.

Síðan við áttum viðtal saman í septemberbyrjun s.l., höfum

við ekkert heyrt frá yður, en þá lögðum við áherzlu á, að þjer krefðuð Bæjarútgerðina um viðbótargreiðslur vegna gengisbreytingar o. s. frv. og ljetuð gera fjárnám hjá henni (Vestmannaeyjabæ), til þess að þjer gætuð gert skil á innheimtunni. Hvað gerst hefir síðan í málinu þessa þrjá mánuði, er okkur ókunnugt um með öllu. Það liggur í augum uppi, að við svo búið má ekki standa lengur. Belfast verksmiðjan krefst nú enn frjetta af innheimtunni og sættir sig ekki við hinn langa drátt, sem orðinn er á málinu, heldur óskar eftir lausn án tafar“.

Bréfi þessu svaraði stefndi með bréfi, dags. hinn 31. nóvember s. á., og segir þar m. a. svo:

„Svo sem yður er kunnugt, sendi bæjarstjóri Vestmannaeyjakaupstaðar lokagreiðslur skv. dómi á kröfu The Belfast Rope-work Co. Ltd., miðað við það gengi, sem sterlingspundið var skráð á hinn 23. apríl 1958. Yfirfærslur fengust þá engar vegna væntanlegra opinberra ráðstafana varðandi gjaldeyrisskráningu eða álags vegna sölu gjaldeyris, enda fékk bæjarsjóður Vestmannaeyja ekki kvittaðan dóminn í hendur.

Vil ég vekja athygli yðar á, að dómurinn er bundinn því skilyrði, að afhending keyþtra veiðarfæra færi fram, en slík afhending stendur í engu sambandi við innheimtuaðgerðir af minni hálfu og liggur utan míns verksviðs sem málaflutningsmanns.

Ég hefi átt tal við Guðlaug Gíslason, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum, og vakið athygli hans á, að bæjarsjóður ber ábyrgð á breyttri gengisskráningu, en það væri bæjarfélaginu að skaðlausu, með því að veiðarfæri myndu hækka tilsvarendi í verði. Guðlaugur gaf ekki endanlegt svar, en virtist gera ráð fyrir málaferlum til þess að fá úr þessu skorið með dómi.

Ég er nýlega kominn úr ferð til Vestmannaeyja. Afhenti ég stefnuvottum dóminn til birtingar jafnframt greiðsluáskorun, en að birtingarfresti loknum verður þá að reyna fjárnám hjá Vestmannaeyjakaupstað, og fæst þá úr því skorið, hvort bæjarsjóður ber ábyrgð á gengismun samkvæmt þinni nýju skráningu.

Ef til máls kemur eða ef þér óskið, mun ég deponera á nafn Belfast Ropework Co. þeirri fjárhæð, sem hjá mér stendur, að frádragnum kostnaði“.

Í bréfi, sem fyrirsvarsmaður V. Sigurðssonar og Snæbjörnssonar h/f ritaði stefnda hinn 14. marz 1961, kemur fram, að þeir hafi ræðzt við, frá því að stefndi ritaði bréf sitt. Segir síðan svo í bréfinu:

„Við viljum benda á, að við fólum yður málið vegna The

Belfast Ropework Co. Ltd., Belfast, sem við erum umboðsmenn fyrir, og teljum ekki, að okkur beri að leggja yður ráð um málsmeðferð, sem að sjálfsögðu er innan verksviðs yðar sem málaflutningsmanns. Ljóst er hins vegar, eins og málið liggur fyrir, að yður ber að greiða innheimtuupphæðina til Belfast í sterlingspundum ásamt vöxtum, enda verksmiðjunni óviðkomandi gengisbreytingar íslenzkrar myntar. Veiðarfærin (trollnet) yrðu þá strax afhent í skip í Belfast til sendingar til Íslands á nafn Bæjarsjóðs Vestmannaeyja eða hvert það nafn, sem þjer ákveðið í samráði við bæjarsjóðinn. Verð veiðarfæranna er miðað við afhendingu fob. — brezka höfn, t. d. Leith, en þar gæti „Gullfoss“ flutt vörurnar til Íslands. Um greiðsluform til Belfast, hvort þjer ljetuð þá fá tjekk eða opnuðuð bankaábyrgð þeim til handa, látum við yður um að ákveða, enda yðar að taka ákvörðun um slíkt sem innheimtumanns.

Ef þjer óskið eftir að „deponera“ þeirri nettóupphæð, er hjá yður stefndur, á nafn Belfast Ropework, þá höfum við ekkert við það að athuga eða um að segja, þar sem þjer verðið sjálfur að ráða fram úr málinu á bezta hátt fyrir umbjóðendum yðar.

Gjörrið svo vel að láta okkur vita, hvort og hvenær þjer farið til Vestmannaeyja og árangurinn af förinni“.

Með bréfi, dags. hinn 10. apríl, var efni síðastgreinds bréfs ítrekað og þess jafnframt krafizt, að málið yrði endanlega til lykta leitt og stefndi greiddi kröfuna þegar í stað. Í bréfi, sem fyrirsvarismaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f ritaði stefnda hinn 27. september s. á., kemur fram, að frá því að síðastgreint bréf var ritað, hafi farið fram viðræður milli hans og stefnda og fulltrúa hans. Kemur meðal annars fram, að í viðtölum þessum hafi stefndi skýrt frá þeirri uppástungu bæjarstjórans í Vestmannaeyjum, að stefnandi afgreiddi net með minni möskvastærð í stað þeirra netja, sem í upphafi hafði verið beðið um, en þessu hafi fyrirsvarsmenn V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f hafnað og óskað eftir því, að stefndi léti fjárnám ganga án tafar hjá bæjarsjóði Vestmannaeyja.

Eigi kemur fram, að frekari bréfaskipti hafi farið fram út af máli þessu, fyrr en fyrirsvarismaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f ritaði stefnda bréf hinn 1. maí 1962. Kemur fram í bréfi þessu, að stefndi hafi ekkert aðhafzt til að knýja fram endanlega lausn málsins, og sætti stefnandi sig eigi lengur við vanefndir stefnda, heldur geri kröfu til fullrar greiðslu höfuðstóls og vaxta að frádregnum eðlilegum málskostnaði gegn afhendingu netjanna.

Fyrirsvarismaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f ritaði stefnda bréf hinn 30. júlí 1964 og krafði hann enn um greiðslu á £ 2.103-5-0 ásamt 6% ársvöxtum og veitti honum frest til loka ágústmánaðar. Hinn 10. ágúst 1964 ritaði stefndi lögmanni sínum bréf og sendi honum jafnframt endurrit dóms í málinu The Belfast Ropework Company Ltd. gegn bæjarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar ásamt yfirlitsreikningi yfir innheimtuna og vaxta-reikningi af innheimtufé hjá stefnda til þess dags. Kvað hann reikninginn sýna heildarinneign að fjárhæð kr. 191.300.63, en af þeirri fjárhæð kvaðst hann hafa deponerað í Landsbanka Íslands samkvæmt meðfylgjandi innleggsnotu kr. 185.000.00, en mismunurinn fylgdi með bréfinu í ávísun. Í bréfi þessu skýrir stefndi svo frá, að skrifstofa hans hafi aldrei gefið kvittun fyrir síðustu greiðslu bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar og hafi mótmælt henni sem lokagreiðslu, þar sem yfirfærsla hafi ekki fengizt. Dómurinn hafi síðan verið sendur lögmanni í Vestmannaeyjum til fyrirgreiðslu og hafi hann látið birta Guðlaugi Gíslasyni bæjarstjóra greiðsluáskorun hinn 30. desember 1960, en hlé hafi orðið á frekari aðgerðum. Bað stefndi, sem kvaðst vera hættur lögfræðistörfum, lögmann sinn um að hraða afgreiðslu málsins. Kvaðst stefndi telja rétt að birta greiðsluáskorun að nýju og láta síðan fara fram málflutning í fógetarétti. Hinn 9. desember 1964 ritaði lögmaður stefnda bæjarsjóði Vestmannaeyja áskorun um greiðslu dómskuldarinnar. Hinn 22. desember 1964 ritaði lögmaður stefnda fyrirvarsmanni V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f bréf og óskaði eftir skriflegri yfirlýsingu Belfast Ropework Company Ltd. eða hans sem umboðsmanns Belfast Ropework Company Ltd. þess efnis, að vörur þær, sem viðskipti stefnanda og bæjarútgerðar Vestmannaeyja höfðu snúizt um, yrðu afhentar, jafnskjótt og full greiðsla samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja frá 5. desember 1955 yrði innt af hendi. Bréfi þessu svaraði fyrirvarismaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f hinn 9. janúar 1965. Kvaðst hann sem umboðsmaður The Belfast Ropework Company Ltd. staðfesta, að jafnskjótt og þeim, þ. e. The Belfast Ropework Company Ltd., hefði þorizt full greiðsla eða trygging fyrir greiðslu í sterlingspundum samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja frá 5. desember 1955, mundi verksmiðjan senda botnvörpunetin áleiðis til Íslands með fyrstu skipsferð. Lögmaður stefnda krafðist nú fjárnáms í eignum bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Í fógetaréttarmáli því, sem rekið var

af því tilefni, var hinn 9. maí 1966 kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

„Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. þ. m., kom fyrir fógætaréttinn 28. apríl 1965.

Hafði gerðarbeiðandinn, Belfast Ropework Co. Ltd., uppi þær réttarkröfur, að gert yrði fjárnám í eignum gerðarþola, bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar, til tryggingar dómskuldinni £ 2.103-5-0 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi, að frádregnum kr. 191.300.63 ásamt 8% ársvöxtum frá 10. ágúst 1964 til greiðsludags.

Gerðarþoli gerði þær réttarkröfur, að synjað yrði um framgang gerðarinnar og að sér yrði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á dómi sjó- og verzlunar-dóms Vestmannaeyja, uppkveðnum 5. desember 1955. Dómur þessi hefur ekki verið birtur, en greiðsluáskorun hans vegna var birt gerðarþola 11. desember 1964.

Með dómi þessum er Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar dæmdur til að greiða Kristjáni Guðlaugssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Belfast Rope-work Company Ltd., Belfast, Norður-Írlandi, £ 2.103-5-0 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað gegn afhendingu tiltekinna botnvörpuhluta, eða nánar til tekið „20 squares, 20 upper bellies, 20 lower bellies, 20 upper belly extension pieces, 20 lower belly extension pieces og 40 codemds“.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram ljósrit af bréfi umboðsmanns gerðarbeiðanda hér á landi, V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, þar sem umboðsmaðurinn staðfestir, að umræddir botnvörpuhlutar verði sendir með fyrstu skipsferð, er við verður komið, áleiðis til Íslands, jafnskjótt og full greiðsla eða trygging fyrir greiðslu í sterlingspundum hefur þorizt gerðarbeiðanda samkvæmt dóminum.

Gerðarþoli hefur stutt kröfur sínar um synjun á framgangi gerðarinnar með þeim rökum, að framangreindur dómur er skilyrtur og skilyrðum samkvæmt dóminum sé ekki fullnægt, þar sem afhending hinna tilskyldu vara hafi enn ekki farið fram, og sé eigi unnt að krefja um greiðslu dómsins nema samhliða eða eftir afhendingu varanna.

Þá heldur gerðarbeiðandi því fram, að dómurinn hafi verið að fullu greiddur til Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns og hafi lokagreiðsla farið fram 23. apríl 1958, en þá voru greiddar með ávísun kr. 57.357.79, en sú fjárhæð var af skrifstofu Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns gefin upp sem eftirstöðvar af dómskuldinni, að sögn gerðarþola.

Greiðsla þessi, kr. 57.357.79, var greidd með tékka nr. 101063 á Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum, og var tiltekið í bréfi gerðarþola til Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, dagsettu 23. apríl 1958, er fylgdi greiðslunni, að hér væri um að ræða lokagreiðslu á dóminum, og var jafnframt óskað eftir, að dómurinn yrði sendur kvittaður ásamt greinargerð um vexti og kostnað.

Afrít af bréfi þessu var lagt fram í réttinum.

Segir gerðarþoli, að engar athugasemdir hafi komið fram varðandi þessa greiðslu og hafi ekki verið heimilt að ráðstafa henni á annan hátt en sem lokagreiðslu á þessari dómskuld án þess að gera um það athugasemdir þegar í stað.

Ekki komu fram af hálfu gerðarbeiðanda mótmæli gegn staðhæfingu gerðarþola um, að dómurinn væri að fullu greiddur, og hélt gerðarbeiðandi fast við upphaflega kröfu sína um framgang gerðarinnar samkvæmt framansögðu.

Af þeim gögnum, er fram hafa komið í máli þessu, verður ekki ráðið með vissu, hvort fyrrnefndur dómur er að fullu greiddur eður ei, og verður af þeim sökum ekki lagður úrskurður á það atriði.

Hins vegar þykir rétt þegar af þeirri ástæðu, að hér er um að ræða fjárnámsbeiðni eftir dómi, sem er skilyrtur, og skilyrði því er ekki fullnægt enn, að synja um framgang gerðarinnar að svo komnu máli.

Hæfilegt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 6.000.00 í málskostnað.

Ályktarorð:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal ekki fara fram“.

Hinn 18. ágúst 1966 ritaði fyrirsvarsmáður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f stefnda bréf, og segir þar m. a. svo: „Með því að þér hafið hvorki hafizt handa um áfrýjun á úrskurðinum nje gjört ráðstafanir til þess að fullnægja skilyrði dómsins og úrskurðarins, skorum við á yður að fullnægja dómsskilyrðinu með því að opna ábyrgð til handa The Belfast Ropework Co. Ltd. fyrir £ 2103-5-0 ásamt vöxtum frá 1. 6. 1951“. Var stefnda jafnframt

veittur mánaðarfrestur til að verða við áskoruninni. Bréfi þessu svaraði stefndi hinn 19. ágúst. Í bréfi þessu kveðst stefndi hafa skýrt fyrirvarsmanni V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f frá því, allt frá því að dómur gekk í málinu, og lagt á það áherzlu, að nauðsyn bæri til, að fyrirtæki hans fullnægði dómnum af sinni hálfu, svo sem samningar hefðu staðið til og verzlunarvenjur biðu. Fyrr væri ekki hægt að fá endanlegan úrskurð um ábyrgð Vestmannaeyjakaupstaðar vegna gengisbreytingar, sem gerð hefði verið um það leyti, sem greiðsla fór fram. Þessum tilmælum hefði ekki verið sinnt og væri því um afhendingardrátt að ræða af hálfu fyrirtækisins, sem kynni að varða riftun af hálfu Vestmannaeyjabæjar. Þá kvaðst stefndi alla tíð hafa boðizt til að deponera greiðslu Vestmannaeyjabæjar hjá Landsbanka Íslands, sem hann og hefði gert hinn 8. ágúst 1964, og hefði hann þá bætt við vöxtum eftir útreikningi fyrirvarsmanns V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, en væntanlega umfram skyldu. Kvaðst stefndi telja málið úr sínum höndum, þótt hann vildi á engan hátt skjóta sér undan þeirri ábyrgð, sem lögfræðiskrifstofa hans kynni að hafa þakað honum, en ekki yrði skorið úr nema með dómi.

Hinn 25. ágúst 1966 ritaði fyrirvarsmaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f lögmanni stefnda bréf, þar sem hann bendir á, að krafa á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyja virðist komin að fyrningu og því full ástæða til aðgerða strax, ef frekari aðgerðir eigi að hafa uppi gagnvart bæjarsjóðnum. Er og tekið fram, að The Belfast Ropework Company Ltd. geri kröfu til þess, að stefndi standi sjálfur skil á kröfunni, ef hún glatist á hendur Vestmannaeyjakaupstað. Er tekið fram í bréfi þessu, að varan sé og hafi alltaf verið tilbúin til afhendingar í Belfast og verði afhent í skip, um leið og bankatrygging fyrir greiðslu hafi verið sett.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að stefndi hafi ekki innt af hendi skyldur sínar sem lögmaður stefnanda. Hann hafi að vísu fengið dóm fyrir kröfunni á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar og hafi fengið greiðslur frá bæjarsjóðnum, að minnsta kosti að nokkru. Hins vegar hafi stefndi ekki staðið skil á dómskulddinni né greiðslum þessum til stefnanda. Hafi stefndi talið, að dómskuldin væri eigi greidd að fullu með greiðslum þessum, þá hafi hann átt að hafa uppi mótmæli á þeim grundvelli, er síðasta greiðsla bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar var innt af hendi, og halda síðan áfram innheimtu dómskuldarinnar. Er því haldið fram, að það hafi verið fyrir vangæzlu stefnda, að

stefnandi hafi eigi fengið dómskuldina greidda, og beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hafi orðið fyrir af þeim sökum. Er því haldið fram í þessu sambandi, að stefnda hafi borið að sjá um yfirfærslu á greiðslum þeim, sem hann fékk frá Bæjarútgerð Vestmannaeyja, í erlendum gjaldeyri til stefnanda, en stefndi hafi aldrei sótt um slíkar gjaldeyrisyfirfærslur.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Er því haldið fram, að það hafi verið fyrirsvarsmaður fyrirtækisins V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, sem falið hafi stefnda innheimtu kröfunnar á hendur Vestmannaeyjakaupstað. Öll samskipti stefnda hafi verið við þennan aðilja og stefndi hafi unnið að málinu fyrir hann. Stefndi hafi engin samskipti haft við stefnanda, The Belfast Ropework Company Ltd., og hafi því ekkert það réttarsamband stofnast milli þeirra, sem veiti stefnanda rétt til kröfugerðar þeirrar á hendur stefnda, sem hann hefur uppi í máli þessu. Er því haldið fram í þessu sambandi, að skylda stefnda hafi eigi náð til annars en að innheimta skuldina í innlendum gjaldeyri og gera skil á fénu til umboðsaðilja stefnanda hér á landi, þ. e. fyrirtækisins V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, og þótt stefna á hendur Vestmannaeyjakaupstað hafi verið gefin út í nafni stefnanda, þá skipti það ekki máli. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að engin atvik liggi til bótaskyldu á hendur stefnda vegna skipta hans við fyrirtækið V. Sigurðsson & Snæbjörnsson h/f. Stefndi hafi innheimt skuldina með þeim aðferðum, sem tiltækar hafi verið hverju sinni, og haft um það fullt samráð við fyrirsvarsmann V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f. Er því haldið fram, að stefndi hafi gert allt, sem nauðsynlegt hafi verið til að halda við rétti dómhafa, þar til hann, þ. e. stefndi, hafi hætt afskiptum af málinu á árinu 1964 og hafi hann þá gert endanlega upp við fyrirsvarsmann V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f. Er því haldið fram, að stefndi hafi að fullu staðið skil á hinu innheimta andvirði kröfunnar til fyrirsvarsmanns V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f og hafi stefndi einnig gætt þess, að hann yrði ekki bundinn af þeirri gengisbreytingu, sem varð á þeim tíma, sem máli skiptir. Er því haldið fram, að stefnda hafi ekki borið að sjá um yfirfærslu á andvirðinu í erlendum gjaldeyri og hafi það verið á ábyrgð fyrirsvarsmanns V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, hvornig til tækist um yfirfærslu á því fé, sem innheimzt hafi. Þá er því haldið fram, að stefnandi geti

enga kröfu átt á hendur stefnda út af umræddum dómi á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyja, því að stefnandi hafi eigi fullnægt honum að sínu leyti, og byggist sú aðstaða á ákvörðun stefnanda og fyrirsvarsmanns V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, og ef þeir hafi ekki viljað una úrskurði fógetaréttarins, sem kveðinn var upp hinn 9. maí 1966, þá hafi þeim verið í lófa lagið að áfrýja honum án atbeina stefnda. Þá er því að lokum haldið fram, að jafnvel þótt svo verði talið, að stefndi hafi átt að sjá um gjaldeyrisyfirfærslur til stefnanda á fé því, sem hann hafði fengið greitt frá bæjarsjóði Vestmannaeyja, þá verði fébótaábyrgð eigi byggð á því, þar sem stefndi hafi verið hindraður af ómöguleika vegna afstöðu gjaldeyrisfirvalda.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa.

Stefnandi er eigandi kröfu þeirrar á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyja, sem stefnda var falið að innheimta. Þótt umboðsaðili stefnanda hér á landi hafi falið stefnda kröfuna til innheimtu, þá er stefnandi réttur aðili að máli þessu, sem hann hefur höfðað á hendur stefnda vegna innheimtustarfsins. Þótt stefndi tæki að sér innheimtu kröfunnar, tók hann ekki á sig ábyrgð á því, að krafan fengist greidd. Er loks var reynt fjárnám hjá bæjarsjóði Vestmannaeyja, varð niðurstaða fógetaréttarins, eins og áður er rakið, að fjárnámssgerðin skyldi ekki fara fram, þar sem dómur sá, sem lá til grundvallar fjárnámskröfunni, væri skilyrtur og hefði skilyrðinu ekki verið fullnægt. Ekki var í úrskurðinum tekin afstaða til þess, hvort dómkröfurnar væru greiddar eður ei. Þessa niðurstöðu fógetaréttarins, sem ekki hefur verið áfrýjað, þykir verða að leggja til grundvallar, er taka skal afstöðu til þess, hvort stefndi beri gagnvart stefnanda ábyrgð á dómkröfunum samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja frá 5. desember 1955. Er samkvæmt því eigi grundvöllur til að leggja á stefnda fébótaábyrgð á fullnustu dómkrafnanna. Eins og fram er komið, innti bæjarsjóður Vestmannaeyja af höndum greiðslur til stefnda í sambandi við umrædda kröfu. Námu greiðslur þessar kr. 152.357.79. Það kemur fram í málinu, að fyrirsvarsmaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f og stefndi hafi framkvæmt útreikning, þar sem frá fjárhæð þessari hafi verið dreginn útlagður kostnaður stefnda og málflutningsþóknun hans og af þeim mismun hafi svo verið reiknaðir 6% ársvextir frá 1. maí 1955 til 1. ágúst 1964. Nam niðurstöðutala útreiknings þessa kr. 191.633.34,

þar af vextir kr. 52.263.75. Stefndi hefur skýrt svo frá, að útreikningur þessi hafi verið framkvæmdur í sambandi við uppgjör kröfunnar við V. Sigurðsson & Snæbjörnsson h/f. Hafi það verið í samræmi við þennan útreikning, sem hann hafi síðan deponerað kr. 185.000.00 inn á reikning við Landsbanka Íslands, og hafi Björn Snæbjörnsson, fyrirsvarismaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, haft um það fulla vitneskju. Björn Snæbjörnsson hefur hins vegar skýrt svo frá, að þarna hafi ekki verið um að ræða neitt uppgjör milli fyrirtækis síns og stefnda, enda hafi slíkt aldrei staðið til, þar sem innheimtan hafi verið eign stefnanda og hafi stefndi átt að gera upp við hann, þ. e. stefnanda sjálfan. Hér hafi verið um að ræða útreikning, til þess að stefndi gæti gert sér grein fyrir, hversu háa fjárhæð hann ætti að krefja Vestmannaeyjakaupstað um, miðað við þáverandi gengi. Björn kveður stefnda hafa boðið sér greiðslu á fjárhæð í samræmi við niðurstöðutölu útreikningsins, en hann hafi hafnað því, enda ekki talið sig hafa neina heimild til að taka við þeim peningum. Stefnandi á rétt á fjárhæð þessari að frádregnum kostnaði við fjárnámsgerðina hinn 9. maí 1966, kr. 6.060.00, sem ágreiningslaust er, að stefndi eða lögmaður hans hafi greitt þrátt fyrir kvittun þess efnis, að V. Sigurðsson & Snæbjörnsson h/f hafi greitt fjárhæðina. Það er fram komið, að fyrirsvarismaður V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f hafi sem umboðsaðili stefnanda falið stefnda umrædda kröfu á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyja til innheimtu og að fyrirsvarismaður þess fyrirtækis, þ. e. V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f, hafi eingöngu haft samskipti við stefnda og komið fram gagnvart stefnda af því tilefni, en stefnandi hafi aldrei haft nein þein samskipti við stefnda. Verður því að telja, að boð stefnda til fyrirsvarsmanns V. Sigurðssonar & Snæbjörnssonar h/f um greiðslu framangreindrar fjárhæðar hafi verið gilt gagnvart stefnanda, en ekki var deponering sú, sem stefndi framkvæmdi, fullnægjandi. Þykir því verða að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 185.573.34 (191.633.34 ÷ 6.060.00), en án vaxta. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Guðlaugsson, greiði stefnanda, Hauki Jónssyni f. h. The Belfast Ropework Company Ltd., kr. 185.573.34.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. marz 1970.

Nr. 108/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Magnúsi Eydór Snæfells Þorsteinssyni

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru um skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í ákæru og héraðsdómi greinir, er ákærði í máli þessu sakaður um að hafa í heimildarleysi breytt fjárhæð víxils, sem hann hafði samþykkt, úr kr. 5.000.00 í kr. 25.000.00, eftir að hann var gefinn út af Jóni Rósmundi Eyjólfssyni og ábakinn af Erni Kristinssyni, og síðan selt víxilinn Landsbanka Íslands um 23. maí 1967 þannig breyttan. Eru málavextir raktir í hinum áfrýjaða dómi og í meginatriðum greint frá framburðum ákærða, Jóns Rósmundar og Arnar Kristinssonar, en í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur hinn 14. janúar 1969 er m. a. bókað eftir Erni Kristinssyni: „Vitnið minnir, að fjárhæð víxilsins hafi ekki verið nema 5.000 krónur. Vitnið kveðst ekki þora að segja um, hvort það hafi ábakið víxilinn, áður en meginmál hans var útfyllt eða á eftir, en telur sig geta fullyrt, að fjárhæð víxilsins hafi ekki verið nema 5.000 krónur, eins og frá honum var gengið þarna. Vitnið segir, að það hafi komið sér algjörlega á óvart, þegar það var krafist um greiðslu á 25.000 krónum út af víxli þessum“.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms óskaði saksóknari ríkis-